

Þinggerð 58. ársþings KSÍ,**haldið á Hótel Selfossi, 7. febrúar 2004****Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 7. febrúar kl. 10:00 og mælti svo:**

Ellert B. Schram, forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands,
Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ,
Líney Rut Halldórsdóttir, fulltrúi menntamálaráðherra.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir!

Ég býð ykkur öll velkomin á 58. ársþing KSÍ haldið í Árborg. Þetta er í annað sinn sem ársþing KSÍ er haldið í sveitarfélaginu, en árið 1988 var það fyrst haldið hér. Í bæjarfélaginu virðist nú vera mikill uppgangur og útlit fyrir aukinn vöxt og velgengni á komandi árum. Ég vona að þeir sem stýra þessu bæjarfélagi geri sér grein fyrir því hversu þýðingarmikið það er að búa vel að íþróttalífinu hér. Ein af forsendunum fyrir því að gott sé að búa í viðkomandi bæjarfélagi er að þar sé góð og stöðug uppbygging á íþróttamannvirkjum til æfinga og keppni. Ég tel að hér í Árborg eigi að vera góður möguleiki að eiga knattspyrnulið í meistaraflokki í fremstu röð, það er í Landsbankadeildinni, ef rétt er staðið að uppbyggingu og bæjarfélagið og áhugafólk um knattspyrnu tekur höndum saman að stefna í þá framfaraátt.

Fyrir rétt ári síðan héldum við fyrsta ársþing KSÍ sem stóð yfir í einn dag. Sú breyting tókst vel og er komin til að vera. Í október síðastliðnum var haldinn formannafundur stuttu eftir að keppnistímabilinu lauk. Þar var farið yfir ýmis mál, einkum þau sem sérstaklega brunnu á formönnum í lok knattspyrnuvertíðar. Það var gagnlegur fundur bæði til samráðs og uppbyggingar um ýmiss málafni. Með eins dags ársþingi í febrúar og formannafundi í október tel ég að við séum komin með gott skipulag sem henti okkar hreyfingu vel.

Góðir þingfulltrúar.

Ég hef nú verið formaður KSÍ um nokkurt árabil og haft af því ómælda ánægju að taka þátt í því gefandi og jákvæða starfi sem felst í því að vera í forystu fyrir heildarsamtök þessarar frábæru íþróttar. Fyrir mér hafa það ætið verið forréttindi að hafa traust og trúnað ykkar til að gegna þessu þýðingarmikla forystuhlutverki. Stundum er meira gaman í þessu starfi en ella, einkum ef góðir sigrar vinnast eða góðir samningar nást. En líka í mótlæti er starfið gefandi og þá einmitt gerir maður sér betur grein fyrir en ella hversu mikill samtakamáttur og kraftur knattspyrnuhreyfingarinnar er.

Þið, ágætu þingfulltrúar, eruð forystufólk í íslenskri knattspyrnuhreyfingu. Við erum fjölmennt og sterkt afl í íslensku samfélagi. Á okkur hvílir mikil ábyrgð og sífelld krafa um að gera enn betur. Verk okkar eru ekki alltaf metin sem skyldi, en við látum okkur fátt um finnast ef við erum sannfærð um að við höfum unnið af hugsjón og heilindum. Við sækjumst ekki eftir lofi og þökkum, við sækjumst eftir árangri og þeirri ánægju sem felst í því að láta gott af sér leiða. Hlutverk okkar sem sitjum í stjórn KSÍ og stjórnnum félaganna er að skipuleggja hreyfinguna og veita henni forystu. Knattspyrnuhreyfingunni ber að standa saman sem ein órofin heild út á við. Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum. Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ, stendur knattspyrnuhreyfingin saman sterk og sameinuð. Á því byggist styrkur okkar í dag og til framtíðar. En bæði gagnrýni og hrós á störf og stefnu eiga að koma fram á ársþingum og hér á að fara fram stefnumótandi umræða um framtíðina. Ársþing er einmitt vettvangur þeirrar umræðu. Forystufólk í hreyfingunni verður ávallt að hafa

félagslegan þroska og nægilega víðsýni til að sjá starfsemi heildarinnar. Á því hefur styrkur Knattspyrnusambands Íslands byggst hingað til.

Ágætu félagar.

Ég horfi mjög stoltur yfir það ótrúlega mikla og góða starf sem unnið er í félögunum okkar. Það er í raun alveg ótrúlegt hve margir leggja þar hönd á plóginn í hreinu sjálfboðaliðastarfi og hversu mikla vinnu þessir einstaklingar eru reiðubúnir að inna af hendi til að starfsemin gangi upp. Félögin hafa breyst mjög til hins betra á undanförunum árum. Það er meira skipulag á hlutunum, meiri fagmennska en áður var, meiri festa í fjármálastjórn og meiri krafa til faglegrar umgjarðar og eftirlits í þeim málaflokki en áður. Meiri kröfur eru gerðar til menntunar starfsmanna og þjálfara og einnig hefur átt sér stað mikil uppbygging hvað varðar keppnis- og æfingaaðstöðu félaganna. Félögin hafa sinnt kalli tímans, tekið sig verulega á í mörgum málum og eru þannig miklu betur í stakk búin til að þjóna sínum viðskiptavinum, þ.e. öllum þeim fjölda sem þar æfa og þeim sem mæta á leiki sem áhorfendur, foreldrum sem fylgjast með börnum sínum og loks viðkomandi sveitarfélögum og samstarfsaðilum, þ.e. sponсорum. Allt hefur þetta gert félögin betri og styrkt innviði þeirra. Án sterkrar forystu og framsýni í félögunum er þetta ekki hægt. Því er mikilvægt að sífelld endurnýjun eigi sér stað og nýtt fólk með nýjan metnað, kraft og áherslur finnist og sé reiðubúið að takast á við forystuhlutverkið. Þið sinnið þessu forystuhlutverki í dag, ágætu þingfulltrúar, og vitið öll að þetta er mikið starf en jafnframt hversu ótrúlega gefandi það er að láta gott af sér leiða í heilbrigðu starfi innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Já ég endurtek, ég er stoltur af starfinu í félögunum.

Ef það á að vera kraftur í íslenskri knattspyrnuhreyfingu þá verður sá kraftur að koma frá ykkur í félögunum. Ykkar vinna er uppspretta þeirra jákvæðu hluta sem eru að gerast í íslenskri knattspyrnu. KSÍ er jú samband félaganna, ef undirstaðan er ekki í lagi, hrynur yfirbyggingin. Það má öllum vera ljóst.

Knattspyrnan í mörgum löndum Evrópu í dag er “big business” og hluti af ört vaxandi og sífellt umfangsmeiri atvinnugrein, það er afþreyingariðnaðinum. Með sífellt auknum frítíma fólks, styttri vinnutíma og styttri vinnuævi mun þessi afþreyingariðnaður enn vaxa til framtíðar. Stórar sjónvarpsstöðvar sem í dag eru risar á þeim markaði hafa byggst upp og orðið stórveldi fyrst og fremst með því að tryggja sér sjónvarpsrétt á knattspyrnu. Eitt besta dæmið um þetta þekkjum við vel en það er Sky-fjölmiðlaveldið sem hefur byggst upp í stórveldi, fyrst og fremst vegna ensku “premierligunnar”. Þetta varð til þess að á árabílinu 1993-2001 varð bylting í tekjum vegna sjónvarpsréttar í knattspyrnu og meðal annars vegna tilkomu áskriftarsjónvarpsstöðva og síðar “pay per view”, það er sérstök greiðsla fyrir einstaka atburði í beinni útsendingu. Allt skapaði þetta stóraukna samkeppni á þessum markaði. Hver hefði til dæmis trúað því fyrir nokkrum árum að árið 2004 hefði BBC sjónvarpið enga knattspyrnu á sinni dagskrá. Sjónvarpsrétturinn hækkaði gífurlega á þessum árum og það hlaut að koma að því að eitthvað léti undan. Nýjar sjónvarpsstöðvar reistu sér hurðarás um öxl sem enduðu annaðhvort með gjaldþrotum eða samrunaferli. Einnig má segja að framboðið á knattspyrnu í beinum útsendingum um alla Evrópu var orðið hættulega mikið. Markaðurinn var bæði yfirmettaður og verðið á sjónvarpsréttinum stóðst ekki. Sterkir sjónvarpsrisar og sjónvarpsréttar og markaðsfyrirtæki urðu gjaldþrota, ég nefni hér sem dæmi Kirch-samsteypuna í Þýskalandi og ISL í Sviss. Bæði voru þetta geysilega öflug og rík fyrirtæki þegar best lét sem engum gat dottið í hug að færu á hausinn. Þessar ástæður hafa gert það að verkum að þessi markaður hefur verið í nokkurri kreppu að undanförunu og tekjur minnkað verulega til dæmis um allt að 30% á stærsta markaði Evrópu innan knattspyrnunnar, það er Þýskalandi. Af þessari ástæðu tók til dæmis stjórn UEFA ákvörðun um að breyta “Champions league”, það er Meistaradeildinni, á síðasta ári og fækka þar leikjum.

En af hverju er formaður KSÍ að ræða þessi mál á ársþingi?

Jú fyrir því er rík ástæða, og hún er sú að sala sjónvarpsréttar bæði hvað varðar landslið, Landsbankadeild og VISA bikar og tekjur af þeim skipta sköpum fyrir fjárhag íslenskrar knattspyrnu. Þegar KSÍ gerði síðasta sjónvarpssamning vorum við mjög heppin, það gerðist í upphafi ársins 2001 en um mitt það ár byrjaði hrúnið á þessum markaði. Við vorum heppin þá og náðum að okkar mati frábærum samningi fyrir íslenska knattspyrnu. Mat mitt á markaðnum hefur verið undanfarið að mikil óvissa væri um framtíðina. Það sem einnig hefur gerst er að fyrirtækjum í sjónvarpsrekstri og markaðsmálum hefur fækkað að undanfögnu vegna gjaldþrota og vegna sameininga sem afleiðing af slæmum rekstri. Það var því mín skoðun og þeirra sem fylgjast með þessum málum af hálfu KSÍ að rétt væri að hefjast strax handa á árinu 2003 og kanna möguleika á nýjum samningi 2006-2009. Eftir langar og strangar samningaviðræður milli aðila sem stóðu megnið af árinu 2003 var skrifað undir nýjan samning milli KSÍ og Sport-five, 2 klukkustundum fyrir HM dráttinn í Frankfurt. Hann var með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnar Sport-five annarsvegar og hins vegar beinnar samþykktar stærsta eiganda Sport-five, sem sýnir vel stærð og þýðingu þessa samnings. Það samþykki lá fyrir um miðjan janúar.

Ég get upplýst það hér að mestu átökin stóðu um Landsbankadeild, VISA-bikar og markaðsréttinn á þessum keppnum, því ljóst er að Sport-five hefur tapað talsverðum fjárhæðum þar og vildu vera lausir við að kaupa þau réttindi. En það er mikill léttir að þessi samningur er í höfn, mjög hagstæður nýr samningur sem tryggir mikla og stöðuga fjármuni inn í íslenska knattspyrnu alveg fram til ársloka 2009. Fyrir lítið knattspyrnusamband eins og það íslenska er það algjör lykilforsenda að hafa þessi mál vel tryggð til framtíðar. Ég verð að fá að viðurkenna það í þennan hóp að ég er mjög stoltur af þessum samningi og leyfi mér að fullyrða hér að ekkert knattspyrnusamband í Evrópu er nálægt því að hafa jafn hagstæðan samning og við, miðað við umfang.

Ágætu félagar og góðir gestir.

Árið 2003 var frábært í íslenskum fótbolta hvað varðar landsliðin og eflaust það besta frá upphafi. A landslið karla og kvenna náðu bæði mjög góðum árangri og vöktu mikla athygli heima og erlendis fyrir góða sigra. Um tíma voru bæði þessi landslið með forystu í sínum riðlum í viðkomandi undankeppnum, og reyndar er A landslið kvenna enn með forystu í sínum riðli sem segir meira en mörg orð. Einnig var mjög góður árangur í yngri landsliðum, sérstaklega í U17 karla og U19 kvenna en bæði þau landslið komust áfram í milliriðla í Evrópukeppnum.

Í apríl í fyrra í framhaldi af vináttuleik við Finnland sem tapaðist 0-3 ákvað Atli Eðvaldsson, í góðu samstarfi við stjórn KSÍ, að segja lausu starfi sínu sem landsliðsþjálfari. Tímabundið voru þá ráðnir til að taka við liðinu þeir Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson. Undir þeirra stjórn náðist mjög góður árangur það sem eftir lifði ársins 2003. Því var ákveðið að semja við þá um að stjórna liðinu til 2006, þ.e. fram yfir riðlakeppni HM 2006. Þeir vinna þetta starf saman og mjög náði en þó er skýrt tekið fram í þeirra ráðningarsamningum að Ásgeir Sigurvinsson hefur úrslitavald. Það er hann sem tekur loka ákvarðanir og um leið má segja að hann axli meiri ábyrgð.

Ég vil hér nota tækifærið og þakka Atla Eðvaldssyni góð störf fyrir KSÍ um 8 ára skeið og óska honum góðs gengis í nýjum störfum innan hreyfingarinnar.

Ég hef rætt það áður hér á KSÍ þingum að gildi vináttulandsleikja hefur minnkað af ýmsum ástæðum. Stjórn UEFA tók á síðasta ári þýðingarmikla ákvörðun sem varðar einmitt þau mál og sá sem hér stendur átti stóran þátt í því sem stjórnarmaður UEFA. Breytingin fólst í því að riðlar fyrir HM í Þýskalandi 2006 og eins fyrir Evrópukeppnina 2008 eru stækkaðir, það er fjölgað er þjóðum í hverjum

riðli. Þannig eru nú 6 og 7 liða riðlar í HM 2006 en verða 7 og 8 liða fyrir EM 2008. Þannig fjölgar alvöruleikjum sem vekja meiri áhuga hjá öllum hvort sem það eru leikmenn eða áhorfendur. Þetta er búið að vera okkar baráttumál í langan tíma og ánægjulegt að sjá það í höfn. Þið vitið væntanlega öll riðilinn okkar í HM, það er Svíþjóð, Króatía, Búlgaría, Ísland, Ungverjalandi og Malta. Erfiður riðill þar sem allir geta unnið alla, það er ef frá er skilið lið Möltu sem augljóslega er veikasta liðið í riðlinum. Þetta getur orðið mjög spennandi riðill knattspyrnulega séð en sannarlega mjög gott að vera með fyrirfram ákveðnar sjónvarpstekjur því ekki er eftir neinu að slægjast hvað varðar þessar þjóðir.

Ágætu félagar.

Að vanda var mikið fjör á knattspyrnuvöllum landsins síðasta sumar. Ég óska öllum til hamingju sem unnu glæsta sigra á liðnu starfsári, þeim sem unnu Íslandsmeistaratitla, urðu deildarmeistarar og unnu sig upp um deild. Innilegar hamingjuóskir til ykkar allra, þið eruð öll sigurvegarar keppnistímabilsins 2003. Ég vil sérstaklega óska KR til hamingju með tvöfaldan sigur, það er í Landsbankadeild karla og kvenna, IA til hamingju með VISA-bikar karla og Val með VISA-bikar kvenna.

UEFA, Evrópuknattspyrnusambandið, á 50 ára afmæli á þessu ári. Þess verður minnst á margvíslegan hátt meðal annars með því að ein vika í júní, verður tileinkuð íslenskri knattspyrnu á uefa.com. Aðildarþjóðir UEFA eru 52 þannig að í heilt ár er ein vika tileinkuð hverri þjóð. Afmælisgjöf UEFA til KSÍ er að veita 1 milljón svissneskra franka, ca. 56 milljónir íslenskar, sem styrk til að byggja upp litla gervigrasvelli vítt og breitt um landið, en jafnframt er skilyrt að fleiri aðilar komi að þessu máli peningalega þannig að um verulegt átak sé að ræða. KSÍ sótti strax um styrk til fjárlaganefndar Alþingis vegna þessa verkefnis og fékk í ár úthlutað 30 milljónum króna og vonast eftir svipaðri fjárhæð 2005. Eins höfum við leitað til samstarfsaðila nú þegar með jákvæðum árangri þannig að við vonumst til að hafa ca. 150 milljónir í þetta átak á næstu 2 árum. Málið er þannig hugsað að sveitarfélög sem sækja um þátttöku í þessu verkefni sjá um alla undirbúningsvinnu en KSÍ sjái um gervigrasið, lagningu þess og viðkomandi sveitarfélag fullgeri svo völlinn. Við kappkostum að fá þessa velli inn á skólalóðir og vonumst til að geta byggt að minnsta kosti 40-50 slíka velli í þessu átaki. Ég vil hér sérstaklega þakka fjárlaganefnd fyrir þeirra styrk og góða úrlausn og mun þetta jafnframt vera í fyrsta sinn sem knattspyrnuhreyfingin fær beina fjármuni úthlutað frá Alþingi, sem er í sjálfu sér mikill áfangasigur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að okkar hlutur í afgangi fjármagns úr afrekssjóði er smáanlega lítill og yfirleitt hvað hlutur knattspyrnunnar er lítill þegar úthlutað er úr sjóðum íþróttahreyfingarinnar.

Ég bið ykkur ágætu þingfulltrúar að ræða þetta alvörumál innan ykkar vébanda heima í héraði og lýsa yfir áhyggjum vegna þessara mála við þá sem fara með atkvæði ykkar á komandi íþróttþingi. Við munum þar hafa forystu um breytingar ásamt fleiri sambandsaðilum sem gera það að verkum að fjármunum íþróttahreyfingarinnar sé skipt af meiri sanngirni en nú er gert. Knattspyrnuhreyfingin getur ekki sætt sig við það ástand sem nú ríkir í þessum málum og því bið ég ykkur enn á ný ágætu þingfulltrúar að beita áhrifum ykkar til að ykkar fulltrúar á íþróttþingi hugsi um hag fleiri íþróttagreina en frjálsra íþróttá, sunds og handbolta.

Ágætu þingfulltrúar.

Þegar Deildarbikarinn var settur á stað fyrir nokkrum árum, það er árið 1996, var hugsunin fyrst og fremst að standa skipulega að æfingaleikjum félaganna fyrir mót sumarsins. Það er skemmst frá því að segja að saga Deildarbikarsins hefur verið ótrúleg sigurganga frá upphafi og nú árið 2004 vilja nánast allir fá að vera með. Auðvitað hefur aðstaðan fyrir þetta vinsæla vetrarmót gjörbreyst til batnaðar með tilkomu knattspyrnuhúsanna. En ljóst er að tilkoma Deildarbikarsins hefur verið mikið framfaraspor fyrir íslenska knattspyrnu. En ég vil nota tækifærið hér á ársþingi og tilkynna þingheimi að það er stefna stjórnar KSÍ að fjölga þátttökuliðum í Deildarbikar árið 2005 þannig að allir hafi tækifæri til að

vera með sem uppfylla lágmarkskröfur. Í hvaða formi þetta verður framkvæmt verður ákveðið endanlega á komandi hausti.

Sú hefð hefur verið við lýði nú í fjölda ára að stjórn KSÍ hefur undir lok hvers árs valið knattspyrnukonu og knattspyrnumann ársins. Þetta hefur verið gert samkvæmt ósk ÍSÍ sem veitir þessu afreksfólki viðurkenningu þegar íþróttamaður ársins er tilkynntur. Stjórn KSÍ vill nú breyta þessu fyrirkomulagi bæði hvað varðar val og tilkynningu á því vali. Stofnuð yrði sérstök knattspyrnuakadémía með allt að 100 meðlimum sem valdir yrðu úr hópi forystumanna, fyrrverandi leikmanna og landsliðsmanna, þjálfara, fjölmiðlafólks og ef til vill fleiri aðila sem þarna ættu heima. Meðlimir akademíunnar myndu síðan velja knattspyrnumann og knattspyrnukonu ársins sem tilkynnt yrði með hátíðlegum hætti í sérstöku hófi sem KSÍ stæði fyrir. Það er vissulega kominn tími til að hefja þetta val upp á hærri stall hjá vinsælustu íþróttgrein landsins.

Markvisst hefur verið unnið að því á undanförunum árum bæði af hálfu KSÍ og félaganna í Landsbankadeildinni að auka fjölda áhorfenda á leikjum, auk þess sem ég er ekki í vafa um að það hefur jákvæð áhrif á aðsókn í öllum deildum knattspyrnunnar. Þar hefur tekist vel til en jafnframt er mikill vilji fyrir því að gera enn betur. Af því tilefni var farin sérstök kynnisferð til Svíþjóðar með öllum formönnum knattspyrnudeilda félaga í Landsbankadeild en Svíar hafa náð mjög góðum árangri í fjölgun áhorfenda á undanförunum árum. Einnig var gerð könnun um aðsókn að knattspyrnuleikjum, markaðsrannsókn af Gallup í nóvember og desember að beiðni KSÍ.

Þarna var spurt ýmissa spurninga eins og til dæmis:

- Hversu oft fórstu á völlinn á síðasta sumri
- Hvað skiptir máli þegar þú ákvaðst að fara á völlinn
- verð aðgöngumiða
- veðrið
- tímasetning leikja, þ.e. klukkan hvað leikir fara fram
- aðstaða áhorfenda
- klukkan hvað myndi henta þér best að fara á völlinn og fleiri spurningar í þessa átt.

Margar athyglisverðar niðurstöður komu út úr þessari könnun sem nýtast vel í áframhaldandi vinnu. Nú er starfandi nefnd félaganna í Landsbankadeild og KSÍ sem hefur farið yfir þessi mál nú í byrjun árs og gerir tillögur um nýjar áherslur fyrir tímabilið 2004. Þetta er í fyrsta skipti sem unnið er svona faglega að þessum málum, það er með því að gera markaðskönnun og forvitnilegt að vita hvort það skilar sér í jákvæðum árangri. Þessi könnun mun liggja frammi hér á þinginu hjá starfsfólki KSÍ fyrir þá sem vilja kynna sér hana nánar.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég hef á undanförunum ársþingum fjallað hér nokkuð um stækkun Laugardalsleikvangs. Þau mál hafa verið mjög í brennidepli á síðasta ári og tekið mikinn tíma formanns KSÍ í hinu pólitíska umhverfi. Það er bæði hjá Reykjavíkurborg og ríkinu. Málið hefur undanfarið verið í vinnslu í nefnd skipaðri af ríki og borg sem fjallar um þátttöku ríkisins í þessu verkefni. Hugmyndir að teikningum liggja fyrir og þar er gert ráð fyrir að áhorfendur yrðu allt að 13-14 þúsund í fullbyggðum leikvangi auk þar sem skrifstofu- og fræðsluaðstaða KSÍ yrðu í sambyggðu húsi við gömlu stúkuna þar sem jafnframt yrði mjög góð aðstaða fyrir "hospitality", það er fyrir sérstaka boðsgesti fyrirtækja. Í þessari framkvæmd myndu nýtast þeir fjármunir sem KSÍ hefur fengið loforð fyrir frá FIFA og UEFA í uppbyggingu fræðslu- og þjónustumiðstöðvar KSÍ. Ég er nú svo bjartsýnn að segja að við hefjumst handa við þetta verk í vor í 2-3 áföngum sem lokið yrði 2006-2007. Ég held að póllitískur vilji sé fyrir hendi að fara í

Þetta mál en nokkur tregða í samskiptum ríkis og borgar hefur að undanfögnu tafið málið án sýnilegrar annarrar ástæðu.

FIFA, Alþjóðaknattspyrnusambandið, fagnar 100 ára afmæli árið 2004. Það er einkennileg tilviljun að stórafmæli UEFA og FIFA skuli bera upp á sama ári. Afmæli FIFA verður veglega minnst á árinu, en það mun ekki birtast okkur beint á jafn áþreifanlegan hátt og afmæli UEFA. En á þessum tímamótum er vert að gera sér grein fyrir því hversu sterk samtök FIFA eru og hversu vel og skipulega þau hafa byggt upp heildarsamtök knattspyrnunnar á heimsvísu þannig að knattspyrnan ber í dag ægishjálmi yfir aðrar íþróttgreinar ekki bara hvað vinsældir varðar, en einnig hvað varðar skipulag og fjárhag.

Ágætu þingfulltrúar.

Eins og undanfarin ár er það mér sönn ánægja að tilkynna ársþingi KSÍ að fjárhagsstaða sambandsins er traust og hagnaður af rekstri KSÍ samstæðurnar, þ.e. KSÍ, Laugardalsvallar og KSÍ ehf er rúmlega 4 milljónir. Þrátt fyrir erfitt rekstrarár, eins og seinna árið í riðlakeppni EM og HM, er alltaf vegna fjölda kostnaðarsamra útileikja í A- og U21 landsliði karla og þar af leiðandi nokkrum taprekstri í almennum rekstri KSÍ tókst að snúa dæminu í góðan hagnað með góðum árangri í ávöxtun á fjármunum sambandsins. Sérstaklega er ánægjulegt að geta enn eitt árið greitt arð beint til félaganna að verðmæti ca. 10 milljónir króna, sem útteilist eins og áður eftir þátttöku félaga í yngri flokkum karla og kvenna í Íslandsmótinu. Ákvörðun um þessa greiðslu var tekin á stjórnarfundum eftir miðjan janúar þegar endurskoðun var vel á veg komin og ljóst að hagnaður væri það mikill að hægt væri að greiða beinan arð til ykkar félaga á sama hátt og undanfarið. Þannig að með réttu má segja að hagnaðurinn sé rúmar 14 milljónir og af þeim eru greiddar ca 10 milljónir í beinan arð til okkar eignaraðila, sem eruð þið félögin. Helstu tölur í rekstri sambandsins eru; hagnaður rúmar 4 milljónir, eigið fé rúmar 135 milljónir og fjármagnstekjur rúmar 48 milljónir. Þá er rekstur Laugardalsvallar í jafnvægi þetta árið og eins og undanfarið skipti þar mestu máli hagstætt erlent lán með ótrúlega lágum vöxtum. Það er tímanna tákn í þessum rekstri og verður væntanlega áfram að tekjur af fjármagnsrekstri skipti verulegu máli fyrir afkomu hvers árs. Með tilkomu nýja sjónvarpssamningsins og fyrirfram greiðslu vegna hans á næstu árum, mun skipta miklu máli hvernig haldið er utan um þá fjármuni og hvernig þeir eru ávaxtaðir.

Það er í dag mikill styrkir fyrir KSÍ að gjaldkeri sambandsins, Eggert Steingrímsson, fylgist með fjárreiðum KSÍ frá degi til dags og er sívakandi fyrir því sem betur má fara. Ef það væri ekki er ljóst að okkur hefði ekki gengið jafnvel að ávaxta fjármuni okkar undanfarin ár. Ég færi gjaldkera sérstakar þakkar fyrir hans vönduðu og góðu störf varðandi fjármál KSÍ.

Góðir þingfulltrúar.

Ársþing eru vettvangur skoðanaskipta um liðið starfsár og mótun á stefnu framtíðar. Hér er lögð fram fjárhagsáætlun þar sem fram koma helstu áhersluatriði í starfi næsta árs. Á þessum vettvangi á KSÍ forystan að fá skýr skilaboð frá hreyfingunni, hvar vel hefur tekist til og hvað betur má fara. Þetta er að sjálfsögðu rétti vettvangurinn. Gleymum ekki að félögin eru sambandið, sambandið er félögin, svo einfalt er þetta mál. Hvorugt getur eða vill án hins vera. Okkar hagsmunir fara alltaf saman að lokum. Ég þakka stjórnarmönnum í KSÍ mikil og góð störf á liðnu ári. Það kemur nýjum mönnum í KSÍ á óvart hversu geysimikið starf er unnið í hinum ýmsum nefndum KSÍ en eins og þið vitið leiða stjórnarmenn KSÍ störf nefndanna. Nefndarmönnum öllum þakka ég góð störf. Ég er mjög stoltur af því sem formaður KSÍ, hversu öflugri og vel rekinni skrifstofu KSÍ hefur á að skipa. Við höfum á að skipa einvala starfslíði undir stjórn mjög hæfs framkvæmdastjóra sem leiðir starfið af fumlausu öryggi og yfirvegum. Ég leyfi mér að fullyrða það hér eftir heimsóknir víðsvegar um Evrópu í mínu starfi í framkvæmdastjórn UEFA að okkar skrifstofa er í hópi 10 best reknu skrifstofa Knattspyrnusambanda í Evrópu, ef til vill í hópi 5 bestu ef menn vilja enn þrengja hópinn. Auðvitað má alltaf gera betur og á

Það er alltaf stefnt hjá KSÍ. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur þingfulltrúum og forystumönnum íslenskrar knattspyrnu ykkar heilladrjúgu og góðu störf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar á liðnu starfsári. Án ykkar miklu starfa og ósérhlífni væri knattspyrnan á Íslandi ekki í því ótvíræða forystuhlutverki sem hún er í íslensku íþróttalífi. Nú bið ég ykkur að takast á við þingstörfin af drenglyndi og heilindum og vísa veginn til næsta árs og framtíðar.

58. ársþing KSÍ er sett.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, formaður, ÍBR
Rúnar Arnarson, ÍRB
Vignir Þormóðsson, ÍBA

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Sveinn Jónsson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Ellert B Schram, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.
- Björn B Jónsson, formaður UMFÍ.

Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.**Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

- Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og bað um skýringar á nokkrum liðum í skýrslu stjórnar og í ársreikningi.
- Eggert Magnússon tók til máls og svaraði fyrirspurnum um ársskýrsluna.
- Ari Skúlason tók til máls og gerði athugasemdir um framsetningu ársreiknings.

- Örn Guðmundsson tók til máls og ræddi um reikninga.
- Hörður Helgason tók til máls og þakkaði stjórn KSÍ fyrir vel unnin störf og hvatti til aðgæslu í fjármálum.
- Eggert Steingrímsson tók til máls og svaraði fyrirspurnum um reikninga.
- Ari Skúlason tók til máls og ítrekaði fyrirspurnir sínar.
- Eggert Steingrímsson tók til máls og svaraði fyrirspurnum Ara.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Álit kjörbréfanefndar

- Steinn Halldórsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSB (1): Hafsteinn H. Gunnarsson.

Frá HSK (5): Einar Jónsson, Bárður Guðmundsson, Sveinn Jónsson, Helgi Valberg Jenson og Valdimar Hafsteinsson.

Frá HSP (3): Ómar G Ómarsson, Höskuldur Skúli Hallgrímsson og Víðir Svansson.

Frá ÍA (4): Hörður Ó Helgason, Gunnar Sigurðsson, Guðlaugur Gunnarsson og Guðjón Kristinsson.

Frá ÍBA (4): Gunnar Gunnarsson, Vignir Már Þormóðsson, Torfi Rafn Halldórsson og Haukur Bragason.

Frá ÍBH (6): Viðar Halldórsson, Þórir Jónsson, Jón Rúnar Halldórsson, Páll B. Guðmundsson, Heimir Heimisson og Guðrún Berta Daníelsdóttir.

Frá ÍRB (5): Rúnar Arnarson, Halldór Leví Björnsson, Þorsteinn Magnússon, Hjörleifur Stefánsson og Jón Pétur Róbertsson.

Frá ÍBR (26): Brynjar Jóhannesson, Finnur Thorlacius, Magnús Ingimundarson, Örn Guðmundsson, Jónas Kristinsson, Sigurður Helgason, Ámundi Halldórsson, Ásgeir Ásgeirsson, Jón Hjaltason, Sveinn Stefánsson, Börkur Edvardsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Gísli Sváfnisson, Agnar Agnarsson, Aðalsteinn Guðjónsson, Bragi Gunnarsson, Heimir Guðmundsson, Kristinn Einarsson, Atli Þorvaldsson, Ársæll Kristjánsson, Örn Guðmundsson, Stefán Laxdal Aðalsteinsson, Jóhann Ásgrímsson, Árni Þórðarson, Alfred Alfredsson, Sigurður Alfredsson og Steinn Halldórsson.

Frá ÍBV (6): Birgir Stefánsson, Viðar Elíasson, Gísli Hjartason, Jóhann Georgsson, Trausti Hjaltason og Óðinn Steinsson.

Frá ÍS (7): Jónas Þórhallsson, Ingvar Guðjónsson, Guðmundur Pálsson, Rúnar Sigurjónsson, Sigurður Gunnarsson, Ólöf Ólafsdóttir og Bergný J. Sævarsdóttir.

Frá UÍA (1): Guðmundur Ingvason.

Frá UMSE (1): Björn Friðþjófsson.

Frá UMSB (1): Aðalsteinn Símonarson.

Frá UMSK (14): Ingibjörg Hinriksdóttir, Steini Þorvaldsson, Magnús Skúlason, Hafsteinn Þorvaldsson, Ari Skúlason, Páll Bragason, Ragnar Gíslason, Eva Rós Jóhannsdóttir, Jóhann Jónsson, Halldór Valdimarsson, Magni Fannberg, Sigvaldi Einarsson, Garðar Skarphéðinsson og Valdimar L. Friðriksson.

Frá UMSS (2): Eyþór Einarsson og Hugi Halldórsson.

Enginn mætti frá HHF, HSH, HSS, HSV, ÍBS, UDN, UÍÓ, UNÞ, USAH, USÚ, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 17

Tillögur á þingskjölum 6 til 17 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2004

	Skýr.	Áætlun 2004	Raun 2003	Áætlun 2003
Rekstrartekjur				
Framlög og styrkir	1	137.879.961	131.031.863	132.191.635
Tekjur af landsleikjum	2	27.600.000	29.328.891	15.000.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		61.397.500	61.397.500	61.397.500
Aðrar rekstrartekjur		18.250.000	18.586.593	14.000.000
		245.127.461	240.344.847	222.589.135
Rekstrargjöld				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	86.413.000	89.178.248	78.143.000
Mótakostnaður	4	31.850.000	30.530.701	30.757.500
Kostnaður við landslið	5	131.051.600	129.985.318	117.628.625
Annar rekstrarkostnaður	6	9.500.000	13.657.064	7.755.000
Afskriftir		2.500.000	2.567.233	1.000.000
		261.314.600	265.918.564	235.284.125
Rekstrartap		-16.187.139	-25.573.717	-12.694.990
Aðrar tekjur og (gjöld)				
Útgreiðsla til aðildarfélaganna		-21.000.000	-19.198.535	-20.000.000
Sparkvællir – tekjur		97.000.000		
Sparkvællir – gjöld		-97.000.000		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		33.000.000	48.554.140	18.000.000
Hagnaður (Tap) án áhrifa Laugardalsvallar		-4.187.139	3.781.888	-14.694.990
Afkoma Laugardalsvallar		-5.296.450	236.326	-5.297.500
Hagnaður (Tap)		-9.483.589	4.018.214	-19.992.490
		Áætlun 2004	Raun 2003	Áætlun 2003
Nr. 1 Styrkir og framlög				
ÍSÍ		15.612.104	16.118.181	15.421.635
Getraunir		3.000.000	3.284.456	3.000.000
Norræni				
Menningarmálasjóðurinn		1.200.000	1.805.654	1.500.000

UEFA styrkir	59.300.000	56.119.513	56.500.000
FIFA styrkur	17.500.000	18.713.200	20.000.000
Ýmsir styrkir	41.267.857	34.990.859	35.770.000
	137.879.961	131.031.863	132.191.635

Nr. 2 Tekjur af landsleikjum

Miðasala á heimaleikjum	15.000.000	19.926.077	15.000.000
Landsleikjatekjur erlendis	12.600.000	9.402.814	0
	27.600.000	29.328.891	15.000.000

Nr. 3 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun og tengd gjöld	54.137.950	50.172.171	46.160.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	32.275.050	39.006.077	31.983.000
	86.413.000	89.178.248	78.143.000

Nr. 4 Mótakostnaður

Mótakostnaður	13.250.000	13.076.128	13.207.500
Laun dómara og eftirlitsmanna	18.600.000	17.454.573	17.550.000
	31.850.000	30.530.701	30.757.500

Nr. 5 Kostnaður við landslið

A-landslið karla	60.455.000	66.366.581	51.109.000
U-21 landslið karla	11.842.000	10.231.144	12.286.400
U-19 landslið karla	6.247.000	7.638.029	6.868.200
U-17 landslið drengja	9.873.000	7.135.165	7.905.200
A-landslið kvenna	12.520.000	14.118.071	14.187.000
U-21 landslið kvenna	8.163.600	3.581.458	3.409.400
U-19 landslið kvenna	7.139.000	3.860.662	3.640.200
U-17 landslið stúlkna	4.484.000	5.663.119	6.634.200
Sameiginlegur landsliðskostnaður	10.328.000	11.391.089	11.589.025
	131.051.600	129.985.318	117.628.625

Nr. 6 Annar rekstrarkostnaður:

Fræðslukostnaður	6.000.000	7.373.988	2.600.000
Ýmis kostnaður	3.500.000	6.283.076	5.155.000
	9.500.000	13.657.064	7.755.000

Laugardalsvöllur

	Áætlun 2004	Raun 2003	Áætlun 2003
--	--------------------	------------------	--------------------

Rekstrartekjur

Framlög og styrkir	37.200.000	36.087.171	34.600.000
Tekjur af leikjum	7.000.000	10.767.020	7.600.000
Aðrar tekjur	1.400.000	1.126.295	1.100.000
	45.600.000	47.980.486	43.300.000

Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld	18.298.155	18.078.877	16.297.500
Almennur rekstrarkostnaður	3.668.295	5.286.919	4.850.000

Rekstur mannvirkja	7.430.000	6.542.779	7.950.000
Afskriftir	20.000.000	19.966.860	19.000.000
	49.396.450	49.875.435	48.097.500
Tap fyrir fjármunatekjur og gjöld	-3.796.450	-1.894.949	-4.797.500
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.500.000	2.131.275	-500.000
Hagnaður (Tap)	-5.296.450	236.326	-5.297.500

- Hörður Helgason spurði hvort stjórn KSÍ hefði í hyggju að gera breytingar á eign sambandsins í hlutabréfasjóðum.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og svaraði fyrirspurninni.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

- Framsógu hafði Geir Þorsteinsson.

Tillaga um breytingu á lögum KSÍ - Dagskrá þingsins -

Lagt er til að staflíðir d. og e. í 14. tölulið 1. lið 7. greinar breytist og hljóði svo (gegnumstrikað falli út – feitletrað komi í staðinn):

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
4. Kosning fyrsta og annars þingritara.
5. Ávörp gesta.
6. Álit kjörbréfanefndar.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
10. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
11. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
12. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
13. Önnur mál.
14. Kosningar. Álit kjörnefndar.
 - a. Kosning stjórnar.
 1. Kosning formanns (annað hvert ár).
 2. Kosning 4ra manna í aðalstjórn.
 3. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum í stjórn.
 4. Kosning 3ja varamanna í aðalstjórn.
 5. Kosning 4ra varamanna úr landsfjórðungum í stjórn.
 - b. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - c. Kosning skoðunarmanna reikninga (tveir aðalmenn og tveir varamenn).
 - d. ~~Kosning í dómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).~~
 - d. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).**

- e. Kosning í sérdómstóla KSÍ.
e. Kosning í dómstól KSÍ (5 menn).
 f. Kjörnefnd, 3ja manna, er starfi milli þinga.
 15. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
 16. Þingslit.

Greinargerð

Nauðsynlegt er að laga í dagskrá þingsins heiti dómstóla KSÍ.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

Tillaga um breytingu á lögum KSÍ - Breytingar á reglugerðum -

Lagt er til að 19. grein breytist og hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

1 Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem knattspyrnuþing hefur ekki látið til sín taka með setningu reglugerða, þ. m. t. reglugerðir um fyrirkomulag móta og leikreglur í samræmi við knattspyrnulögin. Reglugerðir um fyrirkomulag móta í meistaraflokki karla og kvenna í landsmótum skulu þó settar af knattspyrnuþingi.

2 Stjórn KSÍ er jafnframt heimilt að gera breytingar á reglugerðum, sem knattspyrnuþing hefur sett. Breyting öðlast þá gildi strax og hún hefur verið kynnt aðildarfélögunum á þann hátt sem greinir í 3. tl., en skal borin undir næsta knattspyrnuþing til staðfestingar. Sé það ekki gert eða samþykki knattspyrnuþing ekki breytingu stjórnarinnar fellur hún þar með úr gildi.

3 Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi.

Greinargerð

Skv. ábendingum áfrýjunardómstóls KSÍ er nauðsynlegt að gera ofangreindar breytingar sem miða að því að taka af allan vafa um heimildir stjórnar KSÍ.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 8 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9

- Framsögu hafði Björn Friðþjófsson.

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Aldursflokkaskipting kvenna -

Lagt er til að aldursflokkaskipting kvenna verði sú sama og hjá körlum. Grein 1.3.1. breytist og hljóði svo (gegnumstrikað falli niður – feitletrað nýr texti):

1.3. Aldursflokkaskipting

1 Knattspyrnuíðkendum er skipt í flokka eftir aldri sem hér segir:

Aldursflokkaskipting karla og kvenna

1. aldursflokkur ~~karla~~: Frá og með því almanaksári er **íðkendum** þeir verða 20 ára.
2. aldursflokkur ~~karla~~: Frá og með því almanaksári er **íðkendum** þeir verða 17 ára og fram til þess almanaksárs er þeir verða 19 ára og að því meðtöldu.
3. aldursflokkur ~~karla~~: Frá og með því almanaksári er **íðkendum** þeir verða 15 ára og fram til þess almanaksárs er þeir verða 16 ára og að því meðtöldu.
4. aldursflokkur ~~karla~~: Frá og með því almanaksári er **íðkendum** þeir verða 13 ára og fram til þess almanaksárs er þeir verða 14 ára og að því meðtöldu.
5. aldursflokkur ~~karla~~: Frá og með því almanaksári er **íðkendum** þeir verða 11 ára og fram til þess almanaksárs er þeir verða 12 ára og að því meðtöldu.
6. aldursflokkur ~~karla~~: Að því almanaksári er **íðkendum** þeir verða 10 ára og að því meðtöldu.

~~—————~~ *Aldursflokkaskipting kvenna*

- ~~1. aldursflokkur kvenna: Frá og með því almanaksári er þær verða 19 ára.~~
- ~~2. aldursflokkur kvenna: Frá og með því almanaksári er þær verða 16 ára og fram til þess almanaksárs er þær verða 18 ára og að því meðtöldu.~~
- ~~3. aldursflokkur kvenna: Frá og með því almanaksári er þær verða 14 ára og fram til þess almanaksárs er þær verða 15 ára og að því meðtöldu.~~
- ~~4. aldursflokkur kvenna: Frá og með því almanaksári er þær verða 12 ára og fram til þess almanaksárs er þær verða 13 ára og að því meðtöldu.~~
- ~~5. aldursflokkur kvenna: Frá og með því almanaksári er þær verða 10 ára og fram til þess almanaksárs er þær verða 11 ára og að því meðtöldu.~~

Greinargerð

Mjög líklegt er að stelpur stundi fótbolta einu ári lengur og þar með meiri líkur á að þær hætti ekki. Mesta framfaraspur í knattspyrnu er samstarf knattspyrnu og Grunnskóla og þess vegna nauðsynlegt að aldursflokkaskiptingin sé eins og hjá strákum m.a. vegna breyttra forsendna í valgreinum í Grunnskólum.

Þór A.

- Ingibjörg Hinriksdóttir tók til máls og fór yfir rök með og á móti tillögunni og lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar KSÍ til frekari skoðunar.
- Ari Skúlason tók til máls og sagði að Breiðablik styddi tillögu Þórs.
- Aðalsteinn Símonarson tók til máls og lýsti yfir stuðningi við tillöguna.
- Ingibjörg Hinriksdóttir tók til máls og ítrekaði það að hún taldi nauðsynlegt að skoða málið betur, og að hún væri ekki á móti tillögunni sem slíkri.
- Úlfar Hinriksson, fulltrúi Knattspyrnuþjálfarafélagsins, tók til máls og greindi frá því að félagið styddi tillöguna.
- Ari Skúlason tók til máls og ítrekaði stuðning sinn við tillöguna.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og taldi vera ljóst hver vilji þingheims væri en að nauðsynlegt væri að vísa málinu til stjórnar eða leggja fram breytingartillögu um að gildistakan yrði 2005.

- Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og lagði fram þá breytingartillögu að tillagan á þingskjali 9 tæki gildi árið 2005 og að stjórn KSÍ undirbyggi nauðsynlegar reglugerðarbreytingar sem henni tengdust.

Tillagan á þingskjali 9 var samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að hún tekur gildi árið 2005 og að stjórn KSÍ geri nauðsynlegar reglugerðarbreytingar.

Þingskjal 10

- Framsógu hafði Viðar Elíasson.

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla / Undanúrslit á heimavelli -

Lagt er til að 6. og 10. grein í kafla 3.9.1.2 breytist og hljóði svo (það sem fellur út er yfirstrikað og breytt orðalag er undirstrikað):

- 6 Aðalkeppnin skal hefjast eftir 15. júní. Úrslitaleikur ~~og undanúrslitaleikur~~ bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í lok ágúst eða í september. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki í undanúrslitum fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar aðstæður. Mótanefnd annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.
- 10 ~~Í úrslitaleik og undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn.~~ Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á auglýsingasvæði við leikvöllinn nema hvað KSÍ skal eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.

Skýring

Með samþykkt tillögunar er gerð sú efnisbreyting að það lið sem dregst á undan í undanúrslitum fær heimaleik, þ. e. ekki verður leikið á Laugardalsvelli.

Greinargerð

Það er okkar skilningur að tilraun síðustu ára með að hafa undanúrslitaleikina á Laugardalsvellingnum hafi mistekist og ekki skilað knattspyrnunni þeim árangri sem til var ætlast. Lítil sem engin stemmning hefur náðst í kringum leikina og auglýsingagildið hefur verið í lágmarki fyrir knattspyrnuna. Við teljum að með því að færa leikina aftur í það horf sem áður var, það er að það lið sem á undan er dregið verði á heimavelli skapist meiri stemmning og áhugi fyrir þessum leikjum.

Það er upphefð fyrir hvert félag að fá þessa leiki á sinn heimavöll og við erum þess fullvissir að stemmningin og áhuginn sem því fylgir fyrir hvern klúbb skili sér betur fyrir knattspyrnuna í heild heldur en það fyrirkomulag sem nú er í gangi.

Ekki ætti að vera vandkvæðum bundið að sýna þessa leiki í beinni útsendingu, því í dag er hægt að sjónvarpa frá öllum völlum, þó að aðstaðan sé að vísu misjöfn, en hún ein er ekki nægileg ástæða til að spila á Laugardalsvelli.

Þar sem þessir leikir eru með stærstu leikjum sumarsins ættu þeir líka helst að fara fram um helgi. Svo að stuðningsmenn beggja liða sem, og aðrir knattspyrnuáhugamenn, eigi þess frekar kost að mæta á völlinn.

ÍBV

- Þórir Jónsson tók til máls og mælti gegn tillögunni. Hann greindi frá því að félög í Landsbankadeild utan ÍBV styddu óbreytt fyrirkomulag.
- Ingibjörg Jóhannesdóttir tók til máls og mælti með tillögunni.
- Vignir Þormóðsson tók til máls og mælti gegn tillögunni. Hann taldi nauðsynlegt að núverandi fyrirkomulag yrði reynt í nokkur ár í viðbót.
- Jónas Þórhallsson tók til máls og mælti með tillögunni. Hann sagði nauðsynlegt að félögin fengju fleiri stóra leiki á heimavelli sína einkum með tilliti til aukinna fjárfestinga í áhorfendamannvirkjum félaganna.
- Viðar Elíasson tók til máls og hvatti þingfulltrúa til að styðja tillöguna.
- Vignir Þormóðsson ítrekaði andstöðu sína við tillöguna.

Tillagan á þingskjali 10 var felld.

Þingskjal 11

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Tillaga um keppni liða leikmanna 23 ára og yngri -

Grein 3.9.2 um 1. flokk karla í reglugerð um knattspyrnumót breytist og verði þannig:

3. 9. 2. LIÐ LEIKMANNA 23 ÁRA OG YNGRI Í 1. ALDURSFLOKKI KARLA

Aldur: 23 ára á almanaksárinu og yngri (auk 4 eldri leikmanna)

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Skiptingar: Heimilt er að setja alla (fimm) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

3. 9. 2. 1. ÍSLANDSMÓT

- 1 Þátttökurétt hafa öll félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks sama keppnistímabil.
- 2 Liðum skal skipt í deildir eftir getu og heimilt er að skipta deildum í 2 riðla. Leikin skal stiga-keppni, einföld umferð eða tvöföld umferð heima og heiman, háð fjölda liða. Lið skulu færast milli deilda eftir árangri [í keppninni sjálfri] og sigurvegari í efstu deild telst Íslandsmeistari. Mótanefnd ákveður nánar um keppnisfyrirkomulag þegar þátttaka liggur fyrir. [Árið 2004 skal liðum skipt í deildir eftir styrkleika í deildakeppni meistaraflokks 2003].
- 3 Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags sem eru 23 ára á almanaksárinu og yngri, auk 4 eldri leikmanna.
- 4 Liðin skulu sjálf standa straum af ferðakostnaði sínum, en annan kostnað vegna leiksins greiðir heimalið.
- 5 KSÍ skal vera ábyrgt fyrir dómara í mótinu, en heimalið fyrir aðstoðardómurum.
- 6 KSÍ skal veita verðlaun til keppinnar.

Greinar 3.5.2 og 3.5.3 undir kaflanum Dómgæsla breytist til samræmis við 5. grein hér að ofan.

.....

- Tillaga um að fella niður þátttöku U23 liða í Bikarkeppni KSÍ -

Verði tillaga um keppni liða leikmanna 23 ára og yngri samþykkt er lagt til að þátttaka U23 liða í Bikarkeppni KSÍ verði felld niður. Eftirfarandi breytingar á Reglugerð um knattspyrnumót þarf þá að gera (inn kemur 1 orð, sem er ská- og feitletrað, og niður falla yfirstrikuð orð):

2.1. TAKMÖRKUN Á HLUTGENGI

- 3 Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti, má enginn leikmaður leika nema með einu liði, ~~en þó má leikmaður leika með tveimur liðum sama félags (A og U23) í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla skv. nánari reglum þar um.~~

2.3. LEIKSKÝRSLA

- 4 Leikmaður sem leikur í Landsbankadeild karla skal hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar hann tekur þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki ~~(ekki þó í U23 liði)~~. Leikmenn hvers félags í meistaraflokki sem tekur þátt í Landsbankadeild karla skulu númeraðir frá 1 - 30 þannig að hvert númer er aðeins úthlutað einum leikmanni. Þurfi félag að nota fleiri leikmenn skal nýr leikmaður bera númer 31, sá næsti 32 o. s. frv. Félög í Landsbankadeild karla skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert. Leikmenn skulu skráðir þannig á leikskýrslu að fyrst skal skrá markvörð og síðan aðra leikmenn sem hefja leik. Varamarkvörður skal skráður fyrstur í hópi varamanna. Á leiksskýrslu skal skrá númer leikmanns í stað kennitölu.

3.1. ÞÁTTTÖKURÉTTUR

- 2 Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti ~~með þeirri undantekningu að í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla mega tvö lið taka þátt (A og U23).~~
- 3 Heimilt er tveimur félögum eða fleiri að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum ~~og aðeins eitt lið í hverju móti nema bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla.~~ Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki.

3.9.1.2. BIKARKEPPNI KSÍ

- 2 Hverjum þátttökuaðila skal heimilt að senda ~~tvö~~ **eitt** lið til keppni, ~~A lið og U23 lið.~~
- 3 Allir leikmenn félags eru hlutgengir til leiks með ~~A~~ liði félagsins ~~nema þeir leikmenn sem leikið hafa í sömu umferð með U23 liðinu. Með U23 liðinu eru hlutgengir þeir leikmenn félagsins sem ekki hófu leik í síðasta leik A liðs félagsins í deildarkeppni, ekki hafa leikið í sömu umferð með A liði félagsins og eru 23 ára og yngri (miðað við almanaksárið).~~
- 7 Í fyrstu umferð aðalkeppni skal drætti hagað þannig, að lið í Landsbankadeild og sex efstu lið 1. deildar árið áður dragist gegn hinum liðunum á útivelli. Félögunum er heimilt að skipta um leikvöll í samráði við Mótanefnd innan 2 daga frá drætti. Í seinni umferðum skal lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. ~~Þess skal eitið gætt að U23 lið félags dragist ekki gegn A liði sama félags.~~

Greinargerð

Varalið í meistaraflokki karla

Ársþing KSÍ 2003 samþykkti að fela stjórn KSÍ að kanna kosti þess og galla að félögum verði heimilt að senda varalið til keppni í lægstu deildum Íslandsmóts meistaraflokks karla. Stjórnin fól Mótanefnd

að fara yfir málið og varð niðurstaða hennar neikvæð. Mótanefnd lagði hins vegar eftirfarandi hugmynd um keppni U23 liða fyrir stjórn KSÍ, sem ákvað að gera það að tillögu sinni til ársþings KSÍ.

Deildaskipt keppni varaliða

- Breyta mætti keppni 1. flokks í deildaskipta keppni varaliða félaganna. Ekki yrði lengur miðað við stöðu aðalliðs heldur færðust varaliðin milli deilda eftir árangri. Sigurvegari í efstu deild yrði Íslandsmeistari. Fjöldi leikja yrði um það bil 10 (ákveðið síðar).
- Skynsamlegt gæti verið að slík keppni miðist við leikmenn 23 ára og yngri, auk t.d. þriggja eldri leikmanna. Þannig væri lögð áhersla á að verið væri að sinna aldurshópnum sem gengið hefur upp úr 2. flokki félaganna undanfarin ár.
- Slík keppni hentar vel á Suðvesturlandi, en miklu verr fyrir lið í öðrum landshlutum m.a. vegna ferðakostnaðar. Hafa verður hins vegar í huga að þátttaka í 1. flokki hefur nánast eingöngu verið á Suðvesturlandi fram til þessa.
- KSÍ yrði að reyna að auka á virðingu keppninnar með ýmsum hætti.
- Mótanefnd leggur til að stjórn KSÍ skoði þennan valkost (skv. nánari útfærslu).

Stjórn KSÍ

- Rúnar Arnarson tók til máls og studdi tillöguna en hefði kosið að ekki hefði verið um aldurstakmarkanir að ræða.

Tillagan á þingskjali 11 var samþykkt.

Þingskjal 12

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Hlutgengi í 1. flokki karla -

Lagt er til að grein 3.9.2.1. breytist og hljóði svo (gegnumstrikað falli niður):

Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags ~~nema 8 af þeim ellefu sem hófu leik í meistaraflokki í næsta opinbera kappleik á undan viðkomandi leik.~~

Greinargerð

- 1) Fresta hefur þurft mörgum leikjum í þessum flokki vegna þess hversu fáir leikmenn eru í meistaraflokki hjá mörgum aðildarfélögum sem tilkynna þátttöku. Með nýju reglunni geta félög notað alla leikmenn sem spiluðu síðasta meistaraflokksleik og þannig full mannað sitt lið. Þetta á oftast við lið í lægri deildum KSÍ. Ábyrgðin er einfaldlega hjá hverju félagi fyrir sig sem metur það hversu oft eða mikið þeir telja að leikmenn félagsins geti spilað.
- 2) Auðveldara er fyrir félag sem er að koma leikmanni í gang eftir meiðsli að geta teflt sama leikmanni oftár í leik. Mikilvægt að félögin sjálf fái að taka ábyrgð á því álagi sem þau leggja á sína leikmenn og hafi þannig val með því að senda leikmenn í að spila með 1. flokki eftir að hafa leikið með meistaraflokki leik á undan.
- 3) Hvert félag fyrir sig tekur ábyrgð á því hvaða markmið þau hafa með þátttöku sinni í 1. flokki. Til að hafa alltaf full mönnuð lið og gefa fleiri liðum möguleika á að vera með í 1. flokki þá eiga félögin sjálf að meta og ákveða hvaða leikmenn þeir vilji að spili með hverju sinni.
- 4) Samskipti milli þjálfara liðanna um hvort annað liðið ætli að vinna í krafti betri leikmanna og stærri leikmannahóps eigum við að treysta félögunum og starfsfólki þeirra fyrir.

Keflavík

Tillagan kom ekki til afgreiðslu þar sem keppni í 1. flokki hafði verið aflögð samkvæmt tillögu á þingskjali 11.

Þingskjal 13

- Framsógu hafði Björn Friðþjófsson.

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Skiptingar í 4. flokki karla -

Lagt er til að ákvæði um skiptingar í 4. flokki karla í grein 3.9.5. breytist og hljóði svo:

Heimilt er að hafa fimm skiptimenn. Skipti á leikmönnum skulu fara fram við hliðarlínu við vallarmiðju hvenær sem er í leiknum að fengnu leyfi dómara. Á meðan skiptin fara fram skal leikurinn stöðvaður. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.

Greinargerð

Við teljum að knattspyrna í 4.flokki snúist fyrst og fremst um kennslu og að geta tekið 13 – 14 ára dreng útaf og sett hann inná aftur er ómetanlegt hvað kennslu varðar. Líklega fá fleiri að taka þátt í leikjum.

Þór A.

- Ari Skúlason tók til máls og lagði til að tillagan tæki til beggja kynja, það er að skiptingar verði frjálssar í yngstu flokkum karla og kvenna í 11 manna bolta og að stjórn KSÍ geri nauðsynlegar breytingar á þeim reglugerðum sem þessu tengjast.
- Halldór B Jónsson tók til máls og mælti gegn tillögunni.
- Aðalsteinn Símonarson tók til máls og mælti með tillögunni.

Tillagan á þingskjali 13 var samþykkt með breytingartillögu Ara.

Þingskjal 14

- Framsógu hafði Lúðvík S Georgsson.

TILLÖGUR FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ

*Sem fylgist með framkvæmd
reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og
samninga og stöðu félaga og leikmanna*

Á síðasta ársþingi KSÍ var að venju ákveðið að skipa 5 manna milliþinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er á að gera á þessum reglugerðum og nú standa út undan vegna reglugerða FIFA til stjórnar KSÍ og jafnframt á næsta ársþingi KSÍ.”

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður

Gísli Sváfnisson Víkingi

Steinar Þór Guðgeirsson Fram

Ámundi Halldórsson, Fylki

Páll Bragason Stjörnunni

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt tvo bókaða fundi og leitaði eftir athugasemdum frá félögum, og fékk viðbrögð frá tveimur aðilum. Nefndin fylgdi áfram einkennisorðum fyrra árs “Undanhald samkvæmt áætlun” með það að leiðarljósi að flýta sér hægt í þessum málum, meðan við komumst upp með það og FIFA tekur ekki á ýmsum vafaatriðum.

Í stuttu máli má segja að breytingartillögur þær, sem hér eru lagðar fram, snúa ekki að þeim hluta reglugerðanna sem FIFA hefur með að gera, heldur verklagi á skrifstofu KSÍ og hjá Samninga- og félagaskiptanefnd, en þar er þörf á nokkrum úrbótum til að komast hjá ágreiningi. Ekki er hreyft við félagaskiptareglugerðinni. Breytingarnar eru helstar:

1. Kveðið er skýrar á um hvort og þá hvernig félag megi hafa samband við samningsbundinn leikmann.
2. Tiltekið er að lögfræðingur skuli sitja í Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ, og þá er kveðið skýrar úr um verklag, þegar ágreiningur kemur til nefndarinnar og hvernig máli skuli vísað til gerðardóms.
3. Vinnureglur skrifstofu KSÍ um skráningu samninga settar í reglugerð.
4. Refsivald v. brota á reglugerðum er fært frá stjórn KSÍ til Samninga- og félagaskiptanefndar.
5. Nokkrar minni háttar orðalags breytingar
6. Loks gerir nefndin tillögur um áframhaldandi eigin lífdaga.

Millipinganefndin

Tillögur um breytingar á Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna

Lagt er til að C. 2. hljóði svo (viðbætur undirstrikaðar):

2. Félag, sem gerir leikmannssamning, skuldbindur sig til að hlíta reglum KSÍ um félagaskipti leikmanna. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Þó er heimilt að ræða við samningsbundinn leikmann eftir 15. október án leyfis samningsfélags, ef samningur hans rennur út eigi síðar en um næstu áramót.

Skýring: Reynslan hefur sýnt að þörf er á skýrari ákvæðum um stöðu samningsbundinna leikmanna og hvaða samband önnur félög geta haft við þá.

Lagt er til að inn F 1 hljóði svo (viðbætur undirstrikaðar).

1. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal skipuð þrem mönnum og þrem til vara. Einn nefndarmanna og einn varamanna skulu vera lögfræðingar. Stjórn KSÍ sér um tilnefningu nefndarmanna. Starfsmenn KSÍ annast daglegan rekstur málefna nefndarinnar undir stjórn framkvæmdastjóra KSÍ. Nefndarmenn skulu víkja ef ákvarðanataka snertir hagsmuni þeirra eigin félags.

Skýring: Til að tryggja að allra formsatriða verði gætt, sbr. t.d. einnig Leyfiskerfið.

Lagt er til að eftirfarandi viðbætur (undirstrikaðar) verði gerðar á F. 2:

Skrifstofa KSÍ skal fá frumrit af undirrituðum leikmannssamningum og sambandssamningum á staðalformi KSÍ og félagaskiptum og sjá um skráningu á þeim. Sérhverjum samningi skal fylgja afrit af öllum fylgiskjölum hans. Framkvæmdastjóri KSÍ er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ. Skrifstofa KSÍ getur hafnað samningi vegna formgalla og skal þá báðum samningsaðilum tilkynnt um það. Skrifstofunni er einnig heimilt að veita allt að 2 vikna viðbótarskráningartíma til að bæta úr formgöllum. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella skal skráningu samnings hafnað og báðum samningsaðilum tilkynnt um það. Nefndin skal hafa aðgang að öllum fylgiskjölum með samningi ef hún telur þess þörf vegna ágreiningsmála sem til nefndarinnar koma.

Skýring: Verklag skrifstofu KSÍ er fært í reglugerð og henni sömuleiðis gefin heimild til að veita viðbótarskráningartíma ef þörf krefur. Slíkt er nauðsynlegt ef skrifstofan hefur tekið samninginn seint til skoðunar, þannig að aðilum gefist lítil tími til úrbóta áður en sá mánuður er liðinn sem gefinn er frá undirritun til þess að samningur skal vera skráður.

Lagt er til að F. 6 og 7 hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

6. Ef ágreiningur er vegna ákvörðunar framkvæmdastjóra KSÍ, sbr. grein F 5, getur félag áfrýjað flokkun leikmanns til nefndarinnar og skal það gert eigi síðar en 1. mars árið eftir. Áfrýjun skal fylgja rökstudd greinargerð.

7. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn en átt við langvarandi meiðsli eða veikindi að stríða og telur með hliðsjón af því að afreksstuðull sinn, samkvæmt grein D 7 í reglugerð um félagaskipti leikmanna innanlands, sé metinn of hár og hindri þar með fyrirhuguð félagaskipti sín, getur hann beint skriflegri ósk um endurmat á afrekstuðlinum til nefndarinnar og skal hún meta hvort sanngjarnt sé að lækka afreksstuðul leikmannsins og þá hve mikið.

Skýring: Skýrara orðalag og verklag.

Lagt er til að F. 9 og 10 hljóði svo (breytingar undirstrikaðar) og við bætist grein F. 11:

9. Ef ágreiningsefni koma upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skal nefndin leysa úr ágreiningi aðila. Kröfur skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega. Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal dómstóll KSÍ skipa oddamann. Niðurstaða um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.

10. Ágreining milli íslenskra félaga við félagaskipti, m. a. um greiðslur, skal leggja fyrir Samninga- og félagaskiptanefnd og skal málsmeðferð vera með sama hætti og fram kemur í F. 9. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur. Ágreining við erlent félag er þó hægt að leggja fyrir FIFA.

11. Samninga- og félagaskiptanefnd setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.

Skýring: Þörf er á að segja skýrar til um hvenær Samninga- og félagaskiptanefnd úrskurðar í deilumálum og hvernig málið er sett í gerð. Sömuleiðis er þörf á skýrari verklagsreglum þegar nefndin tekur mál fyrir.

Lagt er til að H. 1 hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

1. Ef félag verður uppvíst að broti á reglugerð þessari þá er Samninga- og félagaskiptanefnd heimilt að beita eftirfarandi refsingum (einni eða fleiri saman):
 - a. áminningu,
 - b. sekt, allt að fimmföldu grunngjaldi félagaskipta,
 - c. svipta félagið rétti til að gera nýja samninga í allt að eitt keppnistímabil.

Skýring: Refsivald vegna brota á reglugerðinni fært frá stjórn KSÍ til Samninga- og félagaskiptanefndar.

Lagt er til I. 3. c hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

c. Báðir aðilar gangast undir að virða lög og reglugerðir KSÍ í hvívetna. Ef ágreiningsefni koma upp um túlkun eða gildi samningsins skal reyna að leysa ágreininginn innan félagsins. Ef slíkt dugar ekki skal Samninga- félagaskiptanefnd leysa úr ágreiningi aðila. Kröfur skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega. Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal dómstóll KSÍ skipa oddamann. Niðurstaða um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.

Skýring: Skýrari vinnureglur við meðferð ágreinings sbr. einnig F.9.

Tillaga um skipun millipinganefndar

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganefnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er á að gera á þessum reglugerðum til stjórnar KSÍ og jafnframt á næsta ársþingi KSÍ

Millipinganefndin

Tillagan á þingskjali 14 var samþykkt.

Þingskjal 15

- Framsógu hafði Steinn Halldórsson.

Tillaga til ályktunar - Fjölgun liða í Landsbanka- og 1. deild karla -

Ársþing KSÍ samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar KSÍ að kanna möguleika á fjölgun liða úr 10 í 12 í Landsbanka- og 1. deild karla strax árið 2005.

Skýring

Starfshópur um mótamál skilaði álitum þess efnis að unnið yrði að undirbúningi málsins og haft yrði að markmiði fjölgun í efstu deild sumarið 2006. KRR vill halda málinu vakandi og kanna hvort hægt er að fjölga liðum í efstu deildum strax árið 2005.

KRR

Tillagan á þingskjali 15 var samþykkt.

Þingskjal 16

- Framsógu hafði Eggert Magnússon.

Tillaga um millipinganevnd - Ný lög fyrir KSÍ -

Ársþing KSÍ samþykkir af fela stjórn KSÍ að skipa 3 manna laganefnd sem starfi milli þinga og vinni að gerð nýrra laga fyrir KSÍ og endurskoðun á reglugerðum sambandsins. Nefndin skal hafa til hliðsjónar núgildandi lög KSÍ og ÍSÍ; og kröfur um nauðsynleg ákvæði sem aðildarsamband UEFA og FIFA. Reglugerðir sambandsins skulu endurskoðaðar m. t. t. nýrra laga og skal sér í lagi skoðað ferli aga- og úrskurðarmála.

Greinargerð

Bæði UEFA og FIFA starfa nú skv. nýjum lögum. Nauðsynlegt er að lög KSÍ taki mið af ákvörðun þessara samtaka sem og breytingum á skipulagi aðildarféлага. Þá er brýnt að endurskoða ýmsar reglugerðir.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 16 var samþykkt.

Þingskjal 17

58. ársþing Knattspyrnusambands Íslands, haldið á Selfossi 7. febrúar 2004, fagnar þeirri ákvörðun Knattspyrnusambands Evrópu að veita hverju aðildarsambandi eina milljón svissneskra franka til sparkvallagerðar í aðildarlöndunum.

Þetta átak sem er í tilefni af 50 ára afmæli UEFA mun gjörbreyta umhverfi knattspyrnunnar á Íslandi og búa knattspyrnuíðkendum um land allt stórbætta aðstöðu til iðkunnar þessar langvinsælustu íþróttar landsins.

Stjórn KSÍ

Þar sem tillagan barst eftir að þing var sett var leitað afbrigða fyrir að fá að leggja hana fram og var það samþykkt. Tillagan var samþykkt.

Önnur mál

- Eggert Magnússon afhenti FH kvennabíkarinn.
- Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til Þróttar í Landsbankadeild karla og til Keflavíkur í 1. deild karla.
- Steini Þorvaldsson tók til máls og ræddi um jafnrétti kynjanna sér í lagi hvað varðar verðlaunafé í Landsbankadeild og VISA-bíkar. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu:

58. ársþing KSÍ samþykkir að beina því til stjórnar KSÍ að endurskoða skiptingu verðlaunafjár í efstu deildum karla og kvenna og bíkarkeppni með tilliti til aukins jafnréttis.

Steini Þorvaldsson, Breiðablik
Ragnar Gíslason, Stjarnan
Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu

Eggert Magnússon kom til máls og greindi þingheimi frá því að því miður væri verðmæti markaðsréttar vegna kvennaknattspyrnu ekki sá sama og hjá körlum en hann vonaðist til að með auknum áhuga og umfjöllun um knattspyrnu kvenna myndu tekjur aukast.

Þar sem tillagan barst eftir að þing var sett var leitað afbrigða fyrir að fá að leggja hana fram og var það samþykkt. Tillagan var samþykkt.

- Geir Þorsteinsson tók til máls og lagði fram reglugerðarbreytingar til staðfestingar sem stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum 6. febrúar. Allar breytingarnar voru staðfestar.
- Ársæll Kristjánsson tók til máls og beindi þeim tilmælum til mótanefndar KSÍ að liðum yrði fjölgað í A og B deild 2. flokki karla úr 8 í 10.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

Kosning til formanns til tveggja ára

Eggert Magnússon, ÍBR

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára

Jón Gunnlaugsson, ÍA
Ástráður Gunnarsson, ÍRB
Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK
Lúðvík S. Georgsson, ÍBR

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Guðmundur Ingvason, UÍA
Suðurland	Einar Friðþjófsson, ÍBV

Kosning til varastjórnar til eins árs

Jóhannes Ólafsson, ÍBV
 Kjartan Daníelsson, ÍBR
 Þórarinn Gunnarsson, ÍBR

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jón Páll Hreinsson, HSV
Norðurland	Aðalsteinn Sigurgeirsson, ÍBA
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Einar Jónsson, HSK

Kosning fulltrúa á íþróttapeing KSÍ

Nefndin leggur til að skipun fulltrúa á íþróttapeing verði vísað til stjórnar.

Kosning skoðunarmanna KSÍ

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Guðmundur Pétursson Guðmundur Þórðarson Helgi V. Jónsson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

Kosning í dómstól KSÍ

Ásbjörn Jónsson
 Gunnar Guðmundsson
 Halldór Frímannsson
 Halldór Halldórsson
 Hilmar Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ

Lúðvík S. Georgsson formaður
 Páll Bragason
 Steinar Þór Guðgeirsson
 Stefán Bergsson
 Örn Gunnarsson

Leyfisdómur KSÍ

Sveinn Jónsson formaður
 Elías Hergeirsson
 Ragnar Gíslason
 Rúnar Gíslason
 Stefán Gunnlaugsson

Álit kjörnefndar var samþykkt og voru þeir aðilar sem hún gerði tillögu um sjálfkjörnir.

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Viðar Halldórsson, formaður

Páll Bragason

Vignir Þormóðsson

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit:

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Eggerti Magnússyni, formanni KSÍ, að slíta þingi.

Eggert Magnússon nýkjörinn formaður KSÍ þakkaði fyrir það traust sem honum var sýnt. Hann óskaði nýendurkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjör sitt. Hann hvatti þingfulltrúa til að halda merki knattspyrnunnar hátt á lofti og óskaði þeim góðs árangurs í starfi sínu.

Eggert þakkaði starfsmönnum þingsins og starfsfólki KSÍ góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar. Að svo loknu sleit Eggert Magnússon, formaður KSÍ, 58. ársþingi sambandsins.

Sveinn Jónsson
1. þingforseti

Ingvi Guðmundsson
1. þingritari

Steinn Halldórsson
2. þingforseti

Klara Bjartmarz
2. þingritari